



Morgunblaðið, 10.06.2021, síðu 70
grein stærð: 218.60 sm²
grein hæð: 8.40 sm



Segja frá Eva Ísleifs og Rebecca Erin Moran eru meðal sýnenda og verða með leiðsögn um sýninguna á laugardaginn, 12. júní, klukkan 14.

Leiðandi afl á Iðavelli

● Fjórtán listamenn á nýrri sýningu í Hafnarhúsinu

Sýningin *Iðavöllur* verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsi í kvöld kl. 20 og er gengið inn í safnið frá portinu við Tollhúsið vegna framkvæmda. Á sýningunni koma saman „fjórtán öflugir listamenn sem hafa umbreytt Hafnarhúsinu með verkum sínum og þeirri grósku sem einkennir íslenska myndlistarsenu“, eins og segir í tilkynningu. Þar fari listamenn sem líta megi á sem leiðandi afl sinnar kynslóðar. „Nokkuð er líðið síðan staðan var tekin á þeim hræringum sem eru í deigluinni meðal þeirra listamanna sem eru í mestum vexti og blóma á sínum ferli og

endurspegla viðfangsefni og nálgun samtímans,“ segir í tilkynningunni og að titill sýningarinnar sé fenginn að láni úr Völuspá. „Iðavöllur er staðurinn þar sem æsir hittast við frumsköpun heimsins og koma síðan aftur saman á eftir Ragnarök til þess að skapa nýja heimsmynd. Hafnarhúsið tekur á sig hlutverk slíks Iðavallar sem vettvangur skapandi listamanna í hringiðu umbreytinga við upphaf nýrrar þúsaldar. Þema sýningarinnar er þannig hinn skapandi og umbreytandi kraftur sem býr í vinnu listamanna og hún endurspeglar fjölbreytt viðfangsefni á

tímum jafnt tæknilegra sem félagslegra umbreytinga,“ segir um titil og yfirskrift sýningarinnar.

Listamennirnir eru Anna Júlía Friðbjörnsdóttir, Anna Rún Tryggvadóttir, Arna Óttarsdóttir, Arnar Ásgeirsson, Bjarki Bragason, Dodda Maggý, Elín Hansdóttir, Eva Ísleifs, Guðmundur Thoroddsen, Hildigunnur Birgisdóttir, Páll Haukur Björnsson, Rebecca Erin Moran, Styrmir Örn Guðmundsson og Örn Alexander Ámundason og sýningarstjórar Aldís Snorradóttir, Markús Þór Andrésson og Ólöf Kristín Sigurðardóttir.